

5.fundur í hreppsnefnd Árneshrepps, haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði kl. 14:00 miðvikudaginn 10.júní 2020.

Mætt eru; Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins;

1. Ársreikningar sveitarfélagsins fyrir árið 2019, síðari umræða.
2. Fjarskiptasjóður umsókn um styrk til ljósleiðarvæðingar.
3. Launakröfur, hækkun á launum og fleira.
4. Sjálfboðaliðar frá Ferðafélagi Íslands til hreinsunarstarfa á fjörum.

1.Ársreikningar Árneshrepps fyrir árið 2019, síðari umræða. Á línunni er Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf. Farið var yfir Endurskoðunarskýrslu árið 2019, Halldóra útskýrði hvernig unnið er að bókhaldi og ársreikningum, og samanburði rauntalna við fjárhagsáætlun, ársreikning og efnahagsreikn. Ennfremur var farið yfir lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2020-2023 og fyrirvörum Kpmg varðandi skýrsluna. Farið var yfir ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og það undirritað ásamt Skýrslu og áritun oddvita og sveitarstjórnar. Þar með lauk síðari umræðu um ársreikninga 2019.

2. Fjarskiptasjóður, oddviti sagði frá því sem er búið að gera síðan síðast. Umsókn fór inn á réttum tíma, auglýsing sömuleiðis sem hefur þó ekki skilað neinum árangri. Beðið er eftir svörum frá Fjarskiptasjóði.

3. Launakröfur, hækkun á launum og fleira. Launakröfur vegna vinnu við Norðurfjarðarhöfn var tekin til umræðu og jafnframt bréf frá Jóni Jónssyni lögmanni þessu viðkomandi. Hreppsnefnd setur málið í hendur lögmanns sveitarfélagsins. Hreppsnefnd ákvað að laun oddvita yrðu framvegis látin fylgja launaþróun.

4. Sjálfboðaliðar frá Ferðafélagi Íslands til hreinsunarstarfa á fjörum. Oddvita er falið að sjá um gistingu fyrir hópinn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30.